

Fundargerð 32. fundar

stafræns ráðs sveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 08:15 kom stafrænt ráð sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Ásthildur Sturludóttir, Álfhildur Leifsdóttir, Óskar Sandholt, Ingimar Þór Friðriksson, Valgerður Björk Pálsdóttir, Almar Guðmundsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Linda Björk Pálsdóttir og Gylfi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Björgvin Sigurðsson, Dagný Edda Þórisdóttir, verkefnisstjórar í stafrænni umbreytingu og Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 31. fundar - 18.09.2024 - Til samþykktar - 2009664SA

Lögð fram til samþykktar fundargerð 31. fundar stafræna ráðsins frá 18. september 2024.

Stafrænt ráð samþykkti einróma fundargerð nr. 31 og verður hún send í rafræna undirritun.

2. Fundargerðir faghóps í stafrænum málum - Til kynningar - 2009722SA

Til kynningar voru fyrirbyggjandi fundargerðir síðustu tveggja funda faghóps, frá 9. október og 13. nóvember 2024.

Verkefnastjóri í stafrænum málum fór yfir helstu verkefni sem rædd voru hjá faghópnum.

Góðar umræður mynduðust um þau verkefni sem rædd voru.

Engar athugasemdir.

3. Veitur - sameiginleg þróun og rekstur - Til kynningar - 2411014SA

Lögð var fram tillaga um samstarf Reykjavíkurborgar og Sambandsins um þróun og rekstur Veitna.

Áhægja um að samþætta eigi tæknistakk fyrir sveitarfélögin öll.

Engar athugasemdir.

4. Defend Iceland ehf. - rammisamningur - Til kynningar - 2411015SA

Farið var yfir drög að samningi við Defend Iceland, varðandi villuveiðigátt.

Ánægja með fyrirbyggjandi samning.

Engar athugasemdir.

5. **Önnur mál - 2212016SA**

Sviðstjóri óskaði eftir framboði til formanns, þar sem núverandi formaður hefur tekið sér tímabundiðleyfi frá sveitarstjórnarmálum og sækir þar af leiðandi ekki fundi Stafræna ráðsins.

Valgerður Björk Pálsdóttir var tilnefnd af fulltrúa stafræna ráðsins. Hún ætlar að fá að hugsa málið.

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi var slitið kl. 09:15